

Reykjavík, 8. mars 2018.

Nefndarsvið Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík
nefndasvið@althingi.is

Umsögn Rannsóknastofnunar í barna- og fjölskylduvernd, RBF, við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands um frumvarp til laga um breytingu á lögum um ættleiðingar nr. 130/1999 með síðari breytingum (umsagnir nánustu fjölskyldu), 148. löggjafarþing 2017-2018, þingskjal 198-128.mál.

Rannsóknastofnun í barna- og fjölskylduvernd fagnar frumvarpinu og styður þær breytingar sem það felur í sér. Vert er þó að hnykkja á nokkrum atriðum sem varða velferð og vellíðan barna undir lögaldri:

Það er mikil réttarbót, bæði fyrir börn og nána aðstandendur þeirra, að ekki séu gerðar jafn afdrifaríkar breytingar og ættleiðing barns undir lögaldri felur í sér, nema tryggð sé sátt og samþykki nánustu aðstandenda barnsins *beggja vegna*. Það er því umbótaskref að í lagafrumvarpinu er nú lagt til að leita þurfi umsagnar fjölskyldu látins foreldris og beggja ef bæði eru látin. Þetta er sérstaklega mikilvægt með tilliti til þess hve ung börn eru áhrifalítill um hagi sína og lenda auðveldlega í klemmu milli fjölskylda ef þar eru andstæð sjónarmið. Komi fram bein andstaða við ættleiðingu er ástæða til að huga að því í fyrirhuguðu frumvarpi að leyfa alls ekki ættleiðingu barns undir lögaldri við slíkar aðstæður nema sérstök rök liggi þar til grundvallar.

Samkvæmt nýjustu þekkingu um áföll og missi í fjölskyldum er það bæði siðferðilega, tilfinninga- og uppeldislega mikilvægt fyrir barn að tryggt sé að tengsl þess og samskipti við fjölskyldu látins foreldris séu órofin. Þessi hugsum er staðfest í 8. gr. Barnasáttmálans um að virða rétt barnsins til uppruna síns og fjölskyldutengsla. Ennfremur vísa nýjustu rannsóknir, bæði íslenskar og erlendar, um gildi *órofinna tengsla* barns við uppruna sinn (e., continuing bonds) til mikilvægis þess að barn geti ræktað tengsl við eftirlifandi nána aðstandendur látins foreldris. Það sé frágangssök að barn sé á nokkurn hátt þvingað til að skera á minningar, tilfinningabönd eða fjölskyldusamskipti eftir andlát foreldris. Auk rannsókna hefur reynsla af meðferðarstarfi sýnt að tilfinningalegu jafnvægi og framtíðar heilsu barns er ógnað þurfi það að glíma við eigin innri ósátt og togstreitu í fjölskyldum sínum kringum dauðsfall eða skilnað foreldra, forsjármál og ættleiðingu.

Með vinsemd og virðingu,

f. h. Rannsóknarstofnunar í barna- og fjölskylduvernd,

Sigrún Júlíusdóttir, prófessor við félagsráðgjafardeild Háskóla Íslands